



Reykjavík, 4. október 2018
SFS2018040142
145. fundur
HG/sb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skiptingu fjármagns til tónlistarskóla og skólahljómsveita eftir hverfum

Á 137. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. apríl 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 11. apríl sl. var lagt fram svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um jafnræði barna til tómstundanáms milli hverfa borgarinnar. Í svari sviðsins er sýnd dreifing tónlistarnemenda eftir póstnúmerum. Nú er óskað eftir viðbótarupplýsingum um skiptingu fjár til tónlistarskóla og skólahljómsveita eftir hverfum, skiptingu fjáris milli skólanna og skiptingu fjár milli nemenda eftir hverfum, þ.e. lögheimilum.

Svar:

Meðfylgjandi svar miðast eingöngu við nemendur í tónlistarskólum sem stunda nám á neðri stigum tónlistarnáms og framlag Reykjavíkurborgar vegna þess náms.

Tónlistarskólarnir í Reykjavík sem eru með samning við Reykjavíkurborg vegna tónlistarnáms á neðri stigum eru 17 talsins og hefur fækkað um einn. Skólahljómsveitir borgarinnar eru 4. Nemendur tónlistarskóla á neðri stigum með lögheimili í Reykjavík eru 2196 (án nem. á neðri stigum úr öðrum sveitarfélögum sem eru 178). Nemendaheimildir í skólahljómsveitum eru 520 en skráðir nemendur skólaárið 2017-2018 voru 569.

Taflan hér fyrir neðan sýnir uppreiknað ársframlag til tónlistarskóla miðað við útgreiðslu 1.ágúst 2018:

Tónlistarskóli	Ársframlag - áætl.
Tónskóli Sigursveins D Kr.	194.552.976
Tónlistarskóli FÍH	82.212.204
Tónmenntaskólinn í Reykjavík	80.758.260
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	80.187.024
Suzukitónlistarsk. í Reykjavík	67.848.180
Tónlistarskóli Árbæjar	65.999.640
Tónskólinn Do-Er-Mi	64.536.804

Nýi tónlistarskólinn	63.438.456
Tónskóli Eddu Borg ehf	48.765.804
Allegro tónlistarskólinn	29.082.624
Tónlistarfélagið Strengur (Harpan)	28.949.724
Gítarskóli Íslands ehf	27.842.340
Tónstofa Valgerðar ehf	26.147.268
Píanóskóli Þorsteins Gauta	24.983.280
Söngskólinn í Reykjavík	24.832.680
Söngskóli Sigurðar Demetz ses	21.620.196
Söngskólinn Domus Vox ehf	12.857.136

Raunframlag Reykjavíkurborgar vegna skólahljómsveita er samkvæmt áætlun 2018 samtals 248.153.840 kr. og er þá, líkt og hjá tónlistarskólum, ekki reiknað með kostnaðarþátttöku foreldra.

Framlag borgarinnar á hvern skráðan nemanda í tónlistarskólum er samkvæmt þessu að jafnaði 430.152 kr. og 436.123 kr. á hvern skráðan nemanda í skólahljómsveitum. Gott er að hafa í huga að tónlistarskólar fá úthlutað nemendastundum og dreifing þeirra er að nokkru leyti í þeirra valdi og því mögulegt að dreifa kennslumagni þannig að fleiri nemendur fái notið kennslunnar. Vegna þessa er meðalframlag á hvern nemanda í tónlistarskóla/skólahljómsveit ekki gott viðmið ef um samanburð á þessum tveimur leiðum er að ræða. Í skólahljómsveitunum eru allir nemendur í fullu námi og engin hljóðfærakennsla fer fram í smáhópum þó samspilið fari fram í stærri hópum. Engin forskólakennsla er í skólahljómsveitum. Meðal tónlistarskóla er einnig söngnám yngri nemenda sem er að hluta kennt í hópkenndu.

Skipting fjármagns – skipting að teknu tilliti til fjölda


Fjármagnið skiptist með eftirfarandi hætti milli pósthúma en ávallt ber að hafa í huga að fjöldi barna og ungmenna er mjög mismunandi eftir svæðum – sjá svar við fyrri fyrirspurn og fylgir þessu svari.

Pnr.	Hverfi	Fjöldi 2ja til 18 ára
101	Reykjavík (Miðborg)	2211
103	Reykjavík (Háaleiti og Bústaðir)	279
104	Reykjavík (Laugardalur)	1963
105	Reykjavík (Hlíðar)	3024
107	Reykjavík (Vesturbær)	1982
108	Reykjavík (Háaleiti og Bústaðir)	2659
109	Reykjavík (Breiðholt) Bakkar og Sel	2745
110	Reykjavík (Árbær)	2899
111	Reykjavík (Breiðholt) Hólar og Fell	1670
112	Reykjavík (Grafarvogur)	3786
113	Reykjavík (Grafarholt og Úlfarsárdalur)	1897
116	Reykjavík (Kjalarnes)	137


Hér er farin sú leið að deila fjölda nemenda á neðri stigum sem skráður er í hvern tónlistarskóla skólaárið 2017-2018 upp í áætlað framlag borgarinnar til skólans næsta skólaár. Þar með fæst meðalframlag á hvern nemanda skólans. Þessi upphæð er síðan notuð til að margfalda upp nemendatölur í mismunandi pósthúma. Þá fæst mynd af dreifingu fjármagns vegna tónlistarnáms eftir pósthúma.

Eins og myndin sýnir er munur mikill milli pósthúma, en sá munur gefur að sjálfsögðu ekki skýra mynd af raundreifingu tækifæra til tónlistarnáms þar sem fjöldi íbúa á bak við tölurnar er mismunandi

eftir svæðum og aldurssamsetningin líka. Þannig sýnir myndin ekki raunverulega dreifingu tækifæra til tónlistarnáms.



Áður hefur verið valin sú leið að setja fram tölur um tónlistarnám sem hlutfall á móti fjölda í ákveðnum aldurshópi. Valinn hefur verið hópurinn 2ja til 18 ára þar sem stærsti hópur nemenda á neðri stigum tónlistarnáms er innan þessara aldursmarka. Myndin hér fyrir neðan sýnir krónuframlag borgarinnar á hvern íbúa í tilteknum pósthúsum innan þessara aldursmarka.




Myndin sýnir mjög mismikið framlag þegar miðað er við aldurssamsetningu íbúanna í hverju hverfi. Hún sýnir líka að hverfi sem virðast standa vel hvað varðar framlög, t.d. pósthúsi 112, gera það ekki þegar horft er til íbúafjölda á þessu aldursbili. Þessi misdreifing er ekki síst alvarleg í ljósi niðurstaðna rannsókna um jákvæð, varanleg áhrif tónlistarnáms á hvern þann sem það stundar.


Misdreifing – nýting - eftirspurn

Rétt er að gera greinarmun á misdreifingu tækifæra til tónlistarnáms og svo því sem hér er sýnt, þ.e. misdreifing á nýtingu tækifæra til tónlistarnáms. En vandinn er fjölbættur. Þegar horft er til eftirsóknar/markaðar sést líka vandi í formi langra biðlista í tónlistarnám, sem er ekki síst staðreynd á þeim svæðum þar sem framlag er hvað hæst á hvern einstakling á aldursbilinu 2ja til 18 ára. Hátt hlutfall tónlistarnemenda byggir örugglega á mörgum þáttum og er menningarauður fjölskyldna og svo áhrif tónlistarnemenda á jafningja sína sennilega þar á meðal.


Dreifing nemenda í einstökum póstnúmerum milli tónlistarskóla sýnir fjölbreytni í nálgun. Þannig dreifast nemendur tveggja hverfa með hæst framlög vegna tónlistarnáms á hvern íbúa milli 2ja til 18 ára milli margra ólíkra tónlistarskóla. Nemendur í miðborginni dreifast mest og tengist það mögulega einnig samgöngutækifærum og staðsetningu tónlistarskólans:




Þó svo að nemendur í vesturbæ Reykjavíkur séu margir í DoReMi þá er til dæmis umtalsverður fjöldi að sækja tónlistarnám í öðrum tónlistarskólum.



Nemendur í þeim hverfum þar sem tónlistarnemendur eru fæstir eru báðir austan Elliðaána og dreifing þar er minni:



Minnst er dreifing milli tónlistarskóla í hverfi 111. Langstærsti hluti nemenda í 111 er í fornámi eða grunnnámi og enginn í framhaldsnámi. Aðeins í póstnúmeri 111 og 116 er enginn tónlistarnemandi í framhaldsnámi í tónlist. Hafa þeir í huga hversu mikill munur er á fólksfjölda í þessum hverfum og sama staðreynd því með gjörólíkan hljóð í hvoru hverfi fyrir sig.



Misdreifing fjármagns og þar með nýtingu tækifæra til tónlistarnáms eftir hverfum í Reykjavík er staðreynd. Einnig eru biðlistar víða langir. Ýmsar skýringar geta verið á þessu s.s. staðsetning tónlistarskóla eins og áður var nefnt.

Skólahljómsveitir

Öfugt við tónlistarskóla þá þjóna skólahljómsveitirnar fjórar ákveðnum grunnskólum hver. Þær eru allar jafn stórar, 130 nemendur, og fá allar álíka fjármagn til að reka starfsemina. Þetta þýðir þó ekki að tækifærin séu jöfn til náms í skólahljómsveit því fjöldi barna og ungmenna í þessum þjónustuhverfum er mjög mismikill. Á þetta hefur áður verið bent en hér eru uppfærðar tölur.

Þegar hljómsveitirnar voru stækkaðar voru hljómsveitarstjórar spurðir um álit sitt á dreifingu stækkunar þegar þeir komu fyrir skóla- og frístundaráð. Þau voru sammála um að varðveita jöfn listræn tækifæri í hljómsveitunum þangað til þær hefðu allar náð 130-140 barna fjölda. Skipan í sveitirnar hefur áhrif á þau verkefni sem hægt er að ráðast í. Áðurnefndur fjöldi nemenda væri nauðsynlegur til að geta verið með þrjár aldursskiptar en öflugar sveitir.

Stærð sveita – þjónustuhlutfall – það sem þarf til að jafna það

Hér fyrir neðan eru gefnir eru upp skólar sem hver skólahljómsveit þjónar, fjöldi nemenda í þeim í 3.-10. bekk og þjónustustigið reiknað, þ.e. hve stórt hlutfall þess nemendahóps fyllir sætin 130 í hverri sveit. Skólahljómsveit Miðbæjar og Vesturbæjar nær að þjónusta 4.9% hópsins og er það hæsta hlutfallið. Reiknað er upp hve mörgum sætum þarf að bæta við hinar sveitirnar til að tækifæri séu jöfn milli sveita. Alls þarf að bæta við 44,5 nemendasætum til að allar sveitirnar væru að bjóða jafna möguleika á sæti í skólahljómsveit í Reykjavík milli þjónustuhverfa þeirra. Greiddar eru 436.123 kr. með hverju sæti nú og heildarkostnaður næmi því tæpum 20 mkr.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	Fj.3.-10.b.
Árbæjarskóli	542
Ártúnsskóli,	129
Norðlingaskóli,	480
Selásskóli	158
Breiðholtsskóli	306
Fellaskóli	261
Hólabrekkuskóli	406
Seljaskóli	521
Ölduselsskóli	394
	3197
130 sæti sem hlutfall af hópnum	4,07%
Fjöldi sem þarf að bæta við til ná þj.stigi	26,5

Skólahljómsveit Austurbæjar	Fj.3.-10.b.
Breiðagerðisskóli	276
Fossvogsskóli	265
Háaleitisskóli, Álftamýri	283
Háaleitisskóli, Hvassaleiti	130
Réttarholtsskóli	390
Langholtsskóli	552
Laugalækjarskóli	327
Laugarnesskóli	387
Vogaskóli	250
	2860
130 sæti sem hlutfall af hópnum	4,55%
Fjöldi sem þarf að bæta við til ná þj.stigi	10,0

Skólahljómsveit Grafarvogs	Fj.3.-10.b.
Dalskóli	216
Ingunnarskóli	330
Sæmundarskóli	389
Foldaskóli	444
Hamraskóli	108
Húsaskóli	126
Kelduskóli, Korpa	48
Kelduskóli, Vík	237
Rimaskóli	387
Vættaskóli, Borgir	183
Vættaskóli, Engi	200
	2668
130 sæti sem hlutfall af hópnum	4,87%
Fjöldi sem þarf að bæta við til ná þj.stigi	8,0

Skólahljómsveit Vestur - og miðbæjar	Fj.3.-10.b.
Háteigsskóli	368
Hlíðaskóli	400
Austurbæjarskóli	347
Grandaskóli	241
Hagaskóli	575
Melaskóli	455
Vesturbæjarskóli	265
	2651
130 sæti sem hlutfall af hópnum	4,90%
Fjöldi sem þarf að bæta við til ná þj.stigi	0,0



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 4. apríl 2018
SFS2018030114
136. fundur
HG/sb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi jafnræði barna til tónlistarnáms

Á 135. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. mars 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:


Óskað er upplýsinga um hvort að jafnræðis sé gætt varðandi tónlistarnám barna milli hverfa.

Svar:

Nemendur í tónlistarskólum í Reykjavík sem eru með samning við Reykjavíkurborg eru alls 2682 og eru þá meðtaldir nemendur á efri stigum tónlistarnáms. Á neðri stigum tónlistarnáms, sem er það námsstig sem Reykjavíkurborg greiðir kennslu – og stjórnunarkostnað fyrir, eru nemendur búsettir í Reykjavík (Rvk póstr.) alls 2219. Auk þess stunda 178 nemendur sem eru samkvæmt skráningu búsettir utan Reykjavíkur nám í þessum tónlistarskólum á neðri stigum. Alls eru því nemendur á neðri stigum 2397 í tónlistarskólum með samning við Reykjavíkurborg. Samkvæmt þessu stunda alls 285 nemendur nám á efri stigum tónlistarnám í skólum með samning við Reykjavíkurborg. Inni í þessum tölum er ekki nemendur í nýjum Menntaskóla í tónlist þar sem hann er fjármagnaður af ríkinu. Allar tölur eru fengnar úr skráningu tónlistarnemenda í Rafrænu Reykjavík haustið 2017.

Nemendaheimildir í skólahljómsveitum í Reykjavík voru 420 og var á árinu 2017 fjölgað um 80 sæti og eru nú 520. Nemendur eru nánast allir á neðri stigum tónlistarnáms.

Myndin hér fyrir neðan sýnir dreifingu tónlistarnemenda eftir póstnúmerum í bæði tónlistarskólum og skólahljómsveitum.



Spurningin um hvort jafnræðis sé gætt milli hverfa í borginni hvað varðar tónlistarnám krefst þess að notað sé ytra viðmið til að gefa gleggri mynd af dreifingunni. Hér er valin sú leið að miða við heildarmannfjölda í hverju póstnúmeri á aldursbilinu 2ja til 18 ára, en það aldursbil nær yfir stærsta hlutann af nemendum á neðri stigum tónlistarnámsins og hægt að skoða með bæði tilliti til skólahljómsveita og tónlistarskóla.

Til glöggvunar er hér fyrir neðan yfirlit yfir póstnúmer og hvaða hverfi tilheyra þeim auk mannfjölda á aldrinum 2ja til 18 ára:


Pnr.	Hverfi	Fjöldi 2ja til 18 ára
101	Reykjavík (Miðborg)	2211
103	<u>Reykjavík (Háaleiti og Bústaðir)</u>	279
104	<u>Reykjavík (Laugardalur)</u>	1963
105	<u>Reykjavík (Hlíðar)</u>	3024
107	<u>Reykjavík (Vesturbær)</u>	1982
108	<u>Reykjavík (Háaleiti og Bústaðir)</u>	2659
109	<u>Reykjavík (Breiðholt)</u>	2745
110	<u>Reykjavík (Árbær)</u>	2899
111	<u>Reykjavík (Breiðholt)</u>	1670
112	<u>Reykjavík (Grafarvogur)</u>	3786
113	<u>Reykjavík (Grafarholt og Úlfarsárdalur)</u>	1897
116	<u>Reykjavík (Kjalarnes)</u>	137

Myndin hér fyrir neðan sýnir skráða tónlistarskólanemendur á neðri stigum með lögheimili í Reykjavík og nemendur í skólahljómsveitum sem hlutfall af áðurgreindum aldurshópi.


Á myndinni sést að munurinn milli þess hlutfalls af viðkomandi svæðis sem er í tónlistarnámi í tónlistarskóla er 5,5% og hæst tæplega 13%. Þarna er því um vel ríflega tvöfaldan mun að ræða. (Kjalarnes undanskilið).

Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar eru fjórar og þjóna stórum svæðum og mörgum grunnskólum hver. Þær eru allar jafn stórar eða 130 nemendaheimildir í hverri þeirra. Hlutfall nemenda þeirra af heildarfjölda barna og ungmenna í hverju póstnúmeri sýnir einnig misdreifingu. Lægst er hlutfallið í póstnúmeri 103 eða 0.4%, þá í póstnúmeri 111 eða 0.9% og

nálægt því er svo pósthúmeri 108 eða 1%. Hæst er það 3.3% í pósthúmeri 104. Taka þarf fram að tækifæri sem sköpuð eru til tónlistarnáms á Kjalarnesi eru mikil enda mjög erfitt að stunda skólahljómsveitarnám þaðan. Af þeim þremur svæðum sem sýna lægst hlutfall er hverfi með pósthúmerið 111 það viðkvæmasta, þar sem þar er einnig mjög lágt hlutfall þessa aldurshóps í námi í tónlistarskólum.



Sambærileg úttekt var gerð á nýtingu tækifæra til tónlistarnáms vorið 2017 og byggði líkt og nú á tölum frá haustinu áður eða 2016. Hér fyrir neðan er lítillaga uppfærð tafla sem þá var birt sem hluti af svari við fyrirspurn vegna málsins. Neðst í þessu svari er svo að finna töflu með raunfjöldatölum nemenda í tónlistarskólum á neðri stigum með lögheimili í Reykjavík og fjölda nemenda í skólahljómsveitum fyrir haustið 2016 og haustið 2017.



Ef þessar myndir eru bornar saman þá sést að aukning í skólahljómsveitum hefur hækkað sem hlutfall þátttakenda miðað við mannfjöldatölur, en þrjú hverfi standa þó nánast í stað. Þar sem hlutfallstölur er að ræða þá segir samanburður ekki til um raunfjölda vegna mögulegra breytinga á mannfjölda á þessu tiltekna árabili í póstnúmerinu. Hlutfallið gefur þó mynd af því sem mætti kalla þjónustustig tónlistarnáms í hverfinu. Hlutfallið hefur hækkað um 1% þegar kemur að tónlistarnemendum í tónlistarskólum í viðkvæmasta hverfinu, þ.e. í póstnúmeri 111. Þjónustustigið á þessu svæði hefur því hækkað. Sjá rauntölur yfir nemendafjölda neðst í svari.

Dreifingin sem myndirnar sýna er ekki ný og forvitnilegt væri að skoða hana í stærra samhengi, s.s. eins og með því að skoða nýjustu tölur um nýtingu frístundakortsins eftir lögheimilum barna í Reykjavík. Það verður þó ekki gert að þessu sinni.

Spurningu um hvort jafnræðis sé gætt milli hverfa í borginni hvað varðar tónlistarnám er því hægt að svara á þann veg að ljóst er af tölunum að jafnræði ríkir ekki hvað varðar nýtingu tækifæra til tónlistarnáms. Hvort gætt sé jafnræðis eða það tryggt með einhverjum hætti á undanförunum árum til að vekja áhuga og hvetja til formlegs tónlistarnáms.

Aðgerðir og tækifæri:

Þegar hefur verið gripið til aðgerða og hafa sumar staðið um árabil. Fjölgun í skólahljómsveitum var veruleg á síðasta ári eins og áður var getið. Músíkalskt þar er enn við lýði í Fellaskóla. Öll börn á aldrinum 6-7 ára í frístundaheimilum í Breiðholti og Seljahverfi hafa fengið tækifæri til að taka þátt í sönghópastarfi veturinn 2017-2018. Slíkt starf hefur líka farið fram í hluta frístundaheimila í Grafarvogi. Er þessu starfi ætlað að vekja áhuga barnanna á tónlistarstarfi. Samstarfsverkefni Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts og sönghópa frístundaheimilinna í Breiðholti og Seljahverfi vorið 2018 styður einnig kröftuglega við það markmið. Verkefni eins og Músíktílaunir styðja svo börn og ungmenni í framkvæðri nýtingu menntunar sinnar. Samanlagt eiga ungir sigurvegarar Músíktílauna 2018, Atería, að baki milli 20-30 ára tónlistarnám. Stúlkurnar þrjár, á aldrinum 13-17 ára, hafa stundað formlegt tónlistarnám um árabil í bæði tónlistarskólum og skólahljómsveitum.

Hvaða skref mætti taka til úrbóta:

Hugsanlegt væri að skoða, í samvinnu við stjórnendur tónlistarskóla/skólahljómsveita sem þjóna á svæðum, möguleikann á tímabundnum forgangi í tónlistarnám á grundvelli búsetu.

Mögulegt væri að bæta við kennslukvóta í bæði tónlistarskóla og skólahljómsveitir á viðkvæmum svæðum sem væri skilyrtur á grundvelli staðsetningar lögheimilis barnsins. Hafa verður þó í huga að tónlistarskólar eru ekki að öllu leyti bundnir svæðum og kenna sumir á nokkrum stöðum í borginni í samvinnu við grunnskólana. Tónlistarskólar bjóða ekki allir sama námið og því mikilvægt að fjölbreytni tilboða á viðkvæmum svæðum sé varðveitt.

Akkur væri í því að skilgreina þá lágmarkspátttöku á hverju viðmiðunarsvæði sem borgin stefnir að og fylgja því svo eftir með markvissum aðgerðum ef það markmið um lágmarkspátttöku næst ekki.

Eftirspurn er einnig mikil og misdreifð. Grípa þyrfti til aðgerða sem krefjast viðamikilla breytinga í nálgun í tónlistarkennslunni ef stefnt yrði að því að mæta þeirri eftirspurn.

Tónlistarnemendur - raunfjöldi nemenda í skólahljómsveitum og
tónlistarskólum (neðristig) í Reykjavík eftir póstnúmerum haust
2017/2016

